

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Fyrir að eða fyrir því að?
Um fornöfn í forsetningarliðum sem innleiða setningar

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Mirko Garofalo
Kt.: 281288-4319

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Júní 2015

Ágrip

Nokkur ábendingarfornöfn í íslensku geta verið notuð bæði í ritmáli og talmáli í þeim forsetningarliðum sem innihalda fallsetningar, spurnarsetningar eða nafnháttarsambönd sem fylliliði. Slík fornöfn geta þó horfið án þess að trufla réttmæli í setningum: þær halda í rauninni áfram að vera málfræðilega réttar.

Hlutverk þessarar ritgerðar er það að greina notkun þeirra til þess að útskýra á hvaða hátt málhafar velja að nota fornafn eða að sleppa því í þess konar forsetningarliðum.

Í ritgerðinni er fyrirbærið athugað í rannsóknarverkefni frá setningarlegu og orðræðulegu sjónarhorni. Verkefnið felst í því að greina þau atvik sem koma fram í nokkrum upptökum frá ríkisútvarpsstöðinni Rás 1. Hádegisfréttir hafa verið valdar sem efniviður af því að ritmál í upplesnum fréttum og talmál skiptast oft á.

Reynt var að finna rökræna útskýringu í gögnum fyrir þeim tilhneigingum sem virðast koma í ljós í upptökunum.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Málfræðileg greining fyrirbærisins.....	4
2.1. Gerð forsetningarliða.....	4
2.2. Færslur.....	5
2.3. Innskot annarra setningarliða.....	6
2.4. Setningarlegt umhverfi.....	6
2.5. Samantekt um forsetningarliði.....	8
3. Í leit að fornöfnum.....	9
3.1. Efniviður.....	9
3.2. Söfnun gagna.....	10
3.3. Yfirlit um eðli tilfella.....	10
3.4. Greining gagna.....	12
3.5. Orðræðuleg einkenni.....	15
3.5.1. Lengd í framburði fornafna.....	15
3.5.2. Pásur og tónfall.....	17
4. Í leit að útskýringu.....	20
4.1. Sameiginleg einkenni í gerðum setningarlegs umhverfis.....	20
4.2. Sérstakir eiginleikar tegunda með einkenni [–fornafn].....	21
4.3. Talmál: ólík túlkun í setningagerð.....	22
4.4. Ósamræmi í ritmáli: tegundir setninga með [+fornafn].....	24
5. Niðurstöður.....	26
Heimildaskrá.....	27
Viðauki.....	28

1. Inngangur

Í íslensku ritmáli og talmáli er oft hægt að finna nokkur fornöfn sem fela í sér óljóst hlutverk. Sum þeirra eru í forsetningarliðum sem innleiða fallsetningar eða jafnvel nafnháttarsambönd¹. Ýmsir setningarliðir geta stýrt þeim. Hér eru nokkur dæmi um þetta fyrirbæri²:

- (1a) Guðmundur var þá að hefja ræðu sína en beið [eftir því að ráðherra kæmi í salinn].³
- (1b) Guðmundur var þá að hefja ræðu sína en beið [eftir Ø að ráðherra kæmi í salinn].
- (2a) Hann hefur helst verið gagnrýndur [fyrir það hvernig hann hefur tekið á barnaníð innan kirkjunnar].⁴
- (2b) Hann hefur helst verið gagnrýndur [fyrir Ø hvernig hann hefur tekið á barnaníð innan kirkjunnar].
- (3a) Vörn Pistoriusar gengur ekki síst út á djúpstæðan ótta hvítra manna [við því að svartir íbúar landsins brjótist inn á heimili þeirra].⁵
- (3b) Vörn Pistoriusar gengur ekki síst út á djúpstæðan ótta hvítra manna [við Ø að svartir íbúar landsins brjótist inn á heimili þeirra].

Hægt er að sjá að gerð þessara setninga er sameiginleg. Einhver setningarliður af ýmsum toga (t.d. lýsingarliður *gagnrýndur* í (2a), sagnorð *beið* í (1a)) stýrir forsetningarliði sem felst aðallega í þremur þáttum: forsetningu, fornafni og fallsetningu/nafnháttarsambandi. Áhugavert er að taka eftir að í þessum tilfellum felur fornafn enga merkingu í sér. Hins vegar er fallsetningin með merkingu þannig að fornafnið reynist ofaukið að þessu leyti.

Fallsetningunni má lýsa sem **tengiliði** í þessum dæmum (sbr. Höskuldur Þráinsson 2009:151). Dæmi (1b), (2b) og (3b) eru eigi að síður málfræðilega rétt þó að sleppt sé

¹ Kress (1982:238) heldur því fram að þau séu ábendingarfornöfn.

² (1a), (2a) og (3a) eru raundæmi tekin af vefsíðum. Í hinum dæmunum eru málsgreinar breyttar með því að sleppa fornafni.

³ RÚV 2014a.

⁴ RÚV 2014b.

⁵ RÚV 2014c.

fornöfnunum. Þar af leiðandi er hægt að gera ráð fyrir að þeim sé ekki bara ofaukið heldur séu þau jafnvel **valfrjáls**. Höskuldur Þráinsson (2005:184) heldur því fram að skylda sé að nota fornafn í nokkrum tilfellum: „Oftast er þó hægt, og stundum reyndar nauðsynlegt, að skjóta inn fallorðinu *það* og hengja aukasetninguna eða nafnháttarsambandið á fallorðið“. Hann sýnir dæmi til að rökstyðja fullyrðingu sína: „*Hún sagði mér [_{FL} frá [að hún væri hætt]]“ (Höskuldur Þráinsson 2005:185). Samt sem áður er einfaldlega hægt að finna með leitarvélinni Google rúmlega 4.840 niðurstöður sem innihalda nákvæmlega orðasambandið *sagði mér frá að*. Dæmið sem Höskuldi þótti málfræðilega rangt virðist þá ekki vera alveg óviðurkennt.

Notkun fornafna reynist að þessu leyti óljós. Ef þau skipta engu máli, enda halda setningar áfram að vera málfræðilega réttar án þeirra, er mjög sennilegt að þau hafi eitthvert hlutverk. Ástæðan fyrir því er sú að málhafar halda ekki spart á þeim heldur nota þau títt bæði í ritmáli og talmáli.

Markmið þessarar ritgerðar er að athuga fyrirbærið og útskýra hvaða hlutverk þessi fornöfn hafa í forsetningarliðum eins og þeim sem sýndir voru í setningum á borð við (1a) til (3b). Nauðsynlegt er að taka skýrt fram hvaða fyrirbæri eru ekki til umræðu hér til að þrengja betur sýn á viðfangsefninu:

- (4) a) Orðasambönd sem innleiða tilgangssetningar, orsakarsetningar o.s.frv. eru ekki rannsökuð af því að ritgerðin athugar einungis þau fornöfn sem annar setningarliður stýrir. Í setningu eins og t.d. „Ég eyddi svo löngum tíma [til þess að baka þessa köku]“ innleiðir *til þess að* einfalda tilgangssetningu. Þar með er *eyða til e-s* ekki til á íslensku svo að slík setning samsvarar ekki dæmunum frá (1a) til (3b);
- b) Fornöfn sem bein, óbein andlög og sagnfyllingar eru útilokuð frá þessari rannsókn af því að hún snýst bara um forsetningarliði. Dæmi eins og „Ég steingleymdi [því að klára þetta heimaverkefni]“ inniheldur fornafnið *því* en þó ekki sem hluta af forsetningarlið heldur sem óbeint andlag;

c) Tilvísunarsetningar eru útilokaðar frá greiningunni af því að þær innihalda *sem* í stað samtengingarinnar *að* eða spurnarfornafns. Setning eins og „Jón sagði mér [frá því sem hafði gerst heima hjá honum]“ er með fornafnið *því* sem má þó aldrei sleppa af því að hér er um tilvísunarsetningu að ræða. Þar af leiðandi samsvarar þess konar setning dæmum frá (1a) til (3b).

Efnisskipan ritgerðarinnar er á eftirfarandi leið:

Annar kafli útskýrir nokkur kenningarleg atriði um fyrirbærið.

Þriðji kafli snýst um rannsóknarverkefnið. Tilgangur þess er að greina þær setningar sem innihalda fornöfn sem koma fram í nokkrum útvarpsupptökum Rásar 1.

Fjórði kafli inniheldur rækilega greiningu um fyrirbærið til að útskýra notkun fornafnanna út frá gögnunum.

2. Málfræðileg greining fyrirbærisins


2.1. Gerð forsetningarliða

Setningarliður felst í þremur aðalþáttum: fyrst og fremst **aðalorði** (sem er nauðsynlegt til að byggja upp setningarlið); **ákvæðisorði** „sem kveður nánar á um [aðalorðið]“ (Höskuldur Þráinsson 2009:54) og **fulliliði** (e. *complement*) sem aðalorðið stýrir (sbr. Höskuldur Þráinsson 2006:58). Í þeim forsetningarliðum sem greiningin fjallar um er miðun sérstaklega á aðalorð og fulliliði. Taka þarf tillit til þess að bæði fallsetning (eða nafnháttarsamband) og ábendingarfornafn standa sem fulliliðir í þessu samhengi. Hér er dæmi um það:

(5a) Þóra er glöð [yfir **að hafa fengið góða einkunn í prófinu**].

(5b) Þóra er glöð [yfir **því**].


Í báðum setningum er forsetningin *yfir* aðalorðið. Strax á eftir liggur fulliliður sem er nafnháttarsamband í (5a) og fornafn í (5b). Hvort tveggja hefur þá sama setningarlega gildi. Hægt er að sjá þetta líka með eftirfarandi **hríslumyndum** (e. *tree diagrams*) um sagnfyllingarnar (skammstafaðar sem LL, þ.e. lýsingarliður):



Málið flækist aðeins meira þegar bæði nafnháttarsamband og fornafn koma fram:

(7a) Þóra er glöð [yfir því að hafa fengið góða einkunn í prófinu].

(7b)



Frá (7b) virðist fornafnið vera aðalorð nafnliðar sem inniheldur nafnháttarsambandið (sbr. Höskuldur Þráinsson 2009:54). Þar af leiðandi má gera ráð fyrir að fallsetningar eða nafnháttarsambönd séu fylliliðir fornafna í þessum setningagerðum.

2.2. Færslur

Tengsl á milli fornafns og setningar koma aftur í ljós þegar reynt er að færa hluta af forsetningarliði. Til dæmis:

(8a) *Þóra er glöð [yfir ___ að hafa fengið góða einkunn í prófinu því].

(8b) [Yfir því] er Þóra glöð [___ að hafa fengið góða einkunn í prófinu].

(8c) *[Yfir að hafa fengið góða einkunn í prófinu] er Þóra glöð [___ því ___].

(8d) *[Yfir Ø] er Þóra glöð [___ að hafa fengið góða einkunn í prófinu].

Ef fornafnið er fært aftur fyrir nafnháttarsambandið reynist málsgreinin málfræðilega röng í (8a). Þetta er nánari sönnun um **undirskipunarsamband** á milli þeirra með því skilyrði að setningin sé háð fornafninu en ekki öfugt. Hins vegar er færslan í (8b) viðurkennt mál þó að forsetningarliðurinn sé klofinn í tvo aðskilda þætti. Þetta er þó einungis mögulegt þegar fornafnið er fært en ekki nafnháttarsambandið, eins og í (8c).

Áhugavert er að sjá að fornafnið má færa ásamt forsetningunni á einfaldan hátt þó að það feli ekki í sér neina merkingartilvísun. Hins vegar er miklu erfiðara að setning sé færð þó að hún feli í sér mesta merkingarlega vægi forsetningarliðarins.

Dæmi (8d) er líkt (8b) en fornafninu er sleppt í þessu tilfalli. Setningin er ekki viðurkennt mál. Hér er skylda að nota fornafnið og þetta stafar af því að forsetningin þarf a.m.k. einn fyllilið með sér.

2.3. *Innskot annarra setningarliða*

Út frá dæmi (8b) má komast að þeirri niðurstöðu að ytri setningarliðir geti skilið þætti forsetningarliðarins að. Þar voru forsetningin og fornafnið færð fremst. Gerist þetta fyrirbæri líka þegar þau standa ekki fremst í setningunni? Hér er dæmi sem svarar þessari spurningu:

(9a) Jóhann sagði mér [frá því] í gær [að systir hans hafði keppt í Útsvari fyrir nokkrum dögum].

(9b) Jóhann sagði mér [frá Ø] í gær [að systir hans hafði keppt í Útsvari fyrir nokkrum dögum].

(9c) Jóhann sagði mér **í gær** [frá því að systir hans hafði keppt í Útsvari fyrir nokkrum dögum].

Atviksliðurinn [í gær] virðist ekki vera háður forsetningarliðnum í (9a) og (9b). Hann getur þó skotist inn í hann án þess að málsgreinin verði ótæk. Í (9c) sést að atviksliðurinn er færður á undan forsetningarliðnum. **Miðun** (e. *focus*) málsgreinarinnar skerst hér í leikinn. Að nokkru leyti breytist merking hennar eins og átt væri t.d. við: *ekki fyrir þremur dögum heldur í gær hefur Jóhann sagt mér frá því*. Þar af leiðandi er setningagerðin í (9c) hugsanlega mörkuð.

2.4. *Setningarlegt umhverfi*

Bruno Kress hefur flokkað þær tegundir fyrirbæra þar sem setningar eru háðar öðrum setningarliðum. Þar af nefnir hann:

- (10) a) Fallsetningar sem **forsetningarandlög** (þý. *að-Sätze nach Präpositionen als Objekt*):

Þessum flokki tilheyra þau dæmi þar sem sagnorð móðursetningar krefst forsetningarliðar sem inniheldur fallsetningu. Kress flokkar í þennan hóp jafnvel þær fallsetningar sem sagnorð stýra ekki (t.d. þær setningar sem *án þess að* innleiðir) og kallar þær **forsetningarlega atviksliði** (þý. *Prepositionale adverbiale Bestimmungen*). Hann tekur eftir að til þessa mismunar er ekki tekið tillit í íslenskri málfræði: „Die Unterscheidung zwischen präpositionalem Objekt und präpositionaler adverbialer Bestimmung ist minuter schwierig, weshalb beides von isländischen Grammatikern unter der Bezeichnung *forsetningarliður* (präpositionales Glied) zusammengefaßt wird“ (Kress 1982:240).

Dæmi: Ég hugsaði [um [að ég ætti að skipta um námskeið]].

- b) Fallsetningar sem **einkunnir** (þý. *Attribut*):

Í þessum flokki eru einnig þær fallsetningar sem háðar eru forsetningarliðum. Hér eru forsetningarliðir háðir nafnliðum: „Að-Sätze fungieren als Attribut (präpositionales Attribut) zu Substantiven des Hauptsatzes“ (Kress 1982:241).

Dæmi: Rúnar hefur fundið [ástæðuna [fyrir [að netið virkaði ekki lengur]]].

- c) **Nafnháttarsetningar** (þý. *Infinitivgruppen*) sem forsetningarandlög:

Þessi flokkur er líkur (10a) en mismunurinn felst í því að aðalsagnorð aukasetningarinnar er í nafnhætti þannig að frumlagið fellur saman við frumlag móðursetningarinnar. Mismunur á forsetningarlegum atviksliðum kemur líka fram í þessum flokki að sögn Kress: „Wie bei den að-Sätzen ist es auch bei den Infinitivgruppen schwierig, präpositionale Objekte von adverbialen Bestimmungen zu unterscheiden“ (Kress 1982:243).

Dæmi: Hann vildi tala við okkur [um [að breyta nokkrum skilyrðum

samningsins]].

d) Undirskipaðar **spurnarsetningar** (þý. *abhängige Fragesätze*):

Hér er ekki talað um fallsetningar sem *að* innleiðir heldur þær sem spurnarfornöfn hefjast á. Í þessum flokki heldur Kress því fram að stundum sé hægt að bæta við ábendingarfornafni: „Im Hauptsatz wird mitunter auf den Nebensatz (Subjekt-, Objektsatz) durch Formen des Demonstrativpronomens *það* 'das' hingewiesen“. (Kress 1982:249).

Dæmi: Þóra talaði við Njál [um það [hvernig hún hefði loksins náði að laga tölvuna]].

2.5. Samantekt um forsetningarliði

Út frá þeim setningagerðum sem fjallað hefur verið um í þessum kafla er hægt að draga þá ályktun að sérstök stigskipun sé til hjá þáttum forsetningarliðarins þó að aðalmálið sé ennþá óskýrt. Í þeim dæmum sem þykja viðurkennt mál er hægt að sleppa fornafninu eða nota það. Óljóst er hvað stýrir þessu vali.

Flokkun Kress um fallsetningartegundir tekur ekki tillit til annarra mögulegra tegunda af slíkum setningum. Dæmi (5a) inniheldur sagnfyllingu sem innleiðir forsetningarlið. Þessi flokkur er ekki nefndur í lýsingu Kress. Ennfremur er ekki talað um þau innskot sem greind voru í 2.2. Þess konar setningar þarf líka að athuga af því að umhverfi þeirra er að nokkru leyti öðruvísi en hinna sem Kress hefur skilgreint. Á þennan hátt er hægt að skilja hvort þessi ólíku einkenni veiti einhverjar upplýsingar um val í notkun fornafna.

Þessi flokkun mun vera notuð í greiningu dæmanna sem lýst er í næstum kafla. Stefnt er að því að varpa betra ljósi á þessu atriði og skilja betur hvernig notkun fornafna virkar í þessum tilfellum.

3. Í leit að fornöfnum

3.1. Efniviður

Til að athuga fyrirbærið var ákveðið að kanna nokkrar nýlegar útsendingar á Rás 1. Eftirfarandi útsendingar hafa verið valdar:

- (11) a) Hádegisfréttir, 09.01.2015. Lengd: 24m 49s.
- b) Hádegisfréttir, 15.01.2015. Lengd: 24m 14s.
- c) Hádegisfréttir, 01.02.2015. Lengd: 20m 00s.
- d) Hádegisfréttir, 21.02.2015. Lengd: 21m 25s.

Hádegisfréttir (héðan í frá skammstafaðar sem HDF) eru meðal bestu gagnaheimilda fyrir þetta rannsóknarverkefni af því að þær eru fyrst og fremst blanda af bæði ritmáli og talmáli. Ari Páll Kristinsson (1998:23, 49) heldur því fram að ritmál verði talað mál í fjölmiðlum þegar fréttir eru lesnar upp. Brot úr viðtölum flokkast hins vegar sem talmál.

Í öðru lagi voru HDF valdar enda eru hljóðgæði slíkra útsendinga að jafnaði mjög góð. Stundum er þó símtölum skotið inn í fréttirnar og þá verða hljóðgæðin verri.

Varðandi ritmál í útvarpssendingum er augljóst að þulur myndar ekki setningar um leið og hann les upp texta af því að fréttir eru þegar undirbúnar. Það eina sem hann þarf að gæta að er sjálfur upplesturinn, þ.e. hann þarf að skilja samstundis hvar hann á að setja pásur og öll þau orðræðulegu einkenni sem gera frétt skýra og skiljanlega. Ritmál í fjölmiðlum er ennfremur frekar formlegt eins og fram kemur í málstefnu RÚV: „Ritað mál á vefsíðu RÚV, í textavarp og skjátextum skal standast kröfur um réttitun og góðan frágang“ (RÚV 2010). Upplesnar fréttir eru að þessu leyti dæmi um vandað mál.

Talmál er hins vegar fullt af pásam, endurtekningum, leiðréttingum og hikorðum þar sem setningar eru ekki undirbúnar. Frá þessu sjónarmiði verður hér athugað hvernig málhafar nota fornöfn í þessum tilfellum og í samanburði við ritmál⁶.

Hugsanlegt er að einhver sem ekki talar íslensku sem móðurmál sé þátttakandi í viðtölum. Ekki er hægt að taka tillit til notkunar fornafna hjá erlendum málhöfum.

⁶ Þar af leiðandi eru gögnin sýnd aðskilin í tveimur tilteknum flokkum.

3.2. Söfnun gagna

Eftir að hafa hlustað á útsendingarnar fjórar hafa samtals 86 dæmi verið skráð. Þar sem þulirnir í HDF lesa upp fréttayfirlit tvisvar sinnum eru þau dæmi sem koma fram í þeim aðeins reiknuð einu sinni. Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá hve mörg dæmi voru í hverri útsendingu fyrir sig:

(12)	Útsending	Dæmi
	Hádegisfréttir, 09.01.2015	30
	Hádegisfréttir, 15.01.2015	21
	Hádegisfréttir, 01.02.2015	18
	Hádegisfréttir, 21.02.2015	17

Í Viðauka er safnað 72 brotum úr upptökunum þar sem dæmin 86 koma fram. Í rauninni er hægt að finna fleiri dæmi í sömu brotum, jafnvel í sömu málsgrein.

Auk þess að hafa skrifað niður allt það sem sagt er í þessum brotum voru líka nokkur orðræðuleg atriði athuguð í þeim orðasamböndum sem á eftir eru greind:

- (13) a) lengd í framburði fornafns (ef það kemur fyrir)
- b) pásur á milli orða
- c) staða tónfalls og gerð (lækkandi eða hækkandi)

Ástæðan er sú að mögulegt er að þessi atriði geti líka hjálpað til að útskýra hvernig fyrirbærið virkar.

3.3. Yfirlit um eðli tilfella

Dæmi sem tekin voru upp eru í mismunandi setningarlegu umhverfi. Hér er reynt að flokka öll þessi fyrirbæri að mörgu leyti samkvæmt setningaflokkun Kress. Eins og fram kom í 2.4 er bætt við tveimur flokkum hér. Lýsingarorð í sagnfyllingarhlutverki sem innleiða forsetningarliði eru tíð í dæmunum. Einnig koma innskot ytri setningarliða stundum fram þannig að mikilvægt er að telja þau með. Hér er lokalisti af tegundum:

- (14) a) **Spurnarsetning.** Fallsetning sem háð er forsetningarlið er innleidd með spurnarfornafni.

Dæmi úr upptökunum: „Framkvæmd ferðapjónstu fatlaðra er í lamasessi ↑⁷ (.)⁸ og hafa forráðamenn Strætó fengið tveggja vikna frest ↑ (.) til að skila áætlun ↑ (.) *um hvernig ráðin verði bóta á því*“ (sbr. Viðauka, HDF 001)

- b) **Setning sem sagnfyllingarandlag.** Forsetningarliður er háður sagnfyllingu (sérstaklega lýsingarorði).

Dæmi frá upptökunum: „Tuttugu ↑ og níu ára karlmaður ↓⁹ er grunaður *um að* hafa banað eiginkonu sinni á heimili þeirra“ (sbr. Viðauka, HDF 019)

- c) **Innskot í forsetningarlið.** Ytri setningarliður af ýmsum toga skýtur sér inn á milli forsetningar (eða fornafns þegar það kemur fram) og fallsetningar.

Dæmi frá upptökunum: „Vísindamenn í Oxford greindu *frá því fyrir í vikunni* ↑ (.) *að* sjöttíu og tveir heilbrigðir sjálfbóðaliðar ↑ (.) hefðu fengið sendan skammt af bóluefni ↑ (.) sem vísindamenn lyfjafyrirtækisins Johnson (.) Pharmaceutical Companies hefði (..) ¹⁰ útbúið“ (sbr. Viðauka, HDF 018)

- d) **Setning sem einkunn.** Í þessum tilfellum er forsetningarliður háður nafnlið.

Dæmi frá upptökunum: „Fréttir eru *um* ↑ (.) *að* allt að tvö þúsund íbúar hafi verið myrtir ↑ (.) en stjórnvöld í Nígeríu fullyrða ↑ (.) að einungis eitt hundrað og fimmtíu hafi verið drepnir ↓“ (sbr. Viðauka, HDF 032)

⁷ Táknið merkir hækkandi tónfall á undanfarandi orði (sbr. Viðauka).

⁸ Táknið merkir stutta pásu (sbr. Viðauka).

⁹ Táknið merkir lækkandi tónfall á undanfarandi orði (sbr. Viðauka).

¹⁰ Táknið merkir lengri pásu miðað við táknið (.) (sbr. Viðauka).

e) **Setning sem forsetningarandlag.** Forsetningarliður er beint háður sagnorði.

Dæmi frá upptökunum: „Það hefur virkað illa ↑ eða ekki ↑ (.) og leitt til þess að margt fólk og jafnvel börn ↑ (.) eru sótt of seint ↑ (.) eða alls ekki“ (sbr. Viðauki, HDF 008)

Nafnháttarsambönd koma stundum fyrir sem fylliliðir í stað fallsetninga en aldrei í spurningarsetningum. Í rauninni er ómögulegt að slíkar spurnarsetningar séu með sagnorð í nafnhætti.

Út frá þessum forsendum er hægt að byrja að reikna öll dæmi og flokka þau.

3.4. Greining gagna

Öll gögnin eru sýnd saman í eftirfarandi töflum. Tafla (15) sýnir öll dæmin saman samkvæmt setningaflokkun. Í þessari töflu skiptir þó engu máli hvort fylliliður er fallsetning eða nafnháttarsamband. Hér er markmið flokkunarinnar að athuga setningarlegt umhverfi.

Þar sem nafnháttarsambönd koma stundum fyrir í dæmunum var ákveðið að búa til aðra töflu (16) með því að taka einungis þau dæmi sem sýna nafnháttarsamband sem fyllilið. Dæmin hafa líka verið flokkuð í þessari töflu. Einungis hefur einum flokk verið eytt í henni. Spurnarsetningar sem fylliliðir geta aldrei haft sagnorð í nafnhætti: „[...] spurnarsetningar eru oft kallaðar **fallsetningar** í íslenskum málfræðiritum og ástæðan er væntanlega sú að þær hegða sér svipað og nafnliðir (þ.e. liðir sem fá fallmörkun)“ (Höskuldur Þráinsson 2005:120).

Dæmi með fornöfn eru líka aðskilin frá þeim dæmum sem ekki innihalda þau. Greint er á milli dæma í upplesnum fréttum og dæma sem komu fram í tali.

(15)

Umhverfi forsetningarliða	Með fornafn		Án fornafns	
	<i>Upplestur</i>	<i>Tal</i>	<i>Upplestur</i>	<i>Tal</i>
Spurnarsetning	4	6	3	2
Sagnfyllingarandlag	6	2	7	1
Innskot í forsetningarliði	2	2	-	-
Setning sem einkunn	7	5	13	2
Forsetningarandlag	8	6	6	4
Samtals í flokknum	27	21	29	9
Samtals	48		38	

(16)

Umhverfi forsetningarliða + nafnháttarsambanda	Með fornafn		Án fornafns	
	<i>Upplestur</i>	<i>Tal</i>	<i>Upplestur</i>	<i>Tal</i>
Sagnfyllingarandlag	1	-	7	-
Innskot í forsetningarliði	-	1	-	-
Setning sem einkunn	2	2	3	-
Forsetningarandlag	2	1	2	-
Samtals í flokknum	5	4	12	0
Samtals	9		12	

Nokkur mikilvæg atriði koma fram í þessum töflum. Hlutfall dæma í ritmáli annars vegar og talmáli hins vegar eru rúmlega 2:1 (56 dæmi andspænis 30). Glögggt má sjá að magn upplesturs var mun meira heldur en tals.

Í (15) eru samtals 48 dæmi með fornafni og 38 án fornafns. Mjög líklegt er að þar sé sterkari tilhneiging til að bæta við fornafninu. En séu dálkarnir skoðaðir betur kemur nokkuð sérkennilegt í ljós. Upplesnar fréttir án fornafns eru fleiri (27 andspænis 29) þó að munurinn sé sáralítill. Varðandi talmálið sést að langflest tilfelli eru með fornafni (21 andspænis 9).


Merkilegt er að finna að 13 dæmi með fallsetningu sem einkunn eru án fornafns. Sú tilhneiging að nota ekki fornafnið virðist vera sérstaklega sterk þar. Samt sem áður er sérkennilegt að sjá að almennt er lítill munur í notkun með fornafni og án fornafns í ritmáli (27 andspænis 29) þrátt fyrir þann mikla fjölda dæma í þeim setningaflokki. Ef svo er, af hverju er fornöfnum hafnað sérstaklega þar?

21 dæmi af 86 (24,40%) innihalda nafnháttarsamband. Samkvæmt töfluna (16) er hægt að sjá að langflest nafnháttarsambönd í hlutverki sagnfyllingarandlags geta ekki haft fornöfn (7 andspænis 1). Þessi sjö tilfelli birtast líka í töflu (15). Enn fremur er sú tilhneiging að nota ekki fornafn í nafnháttarsamböndum sterkari í ritmáli. Varðandi talmálið eru 4 dæmi þar sem fornafn er alltaf notað. Samt sem áður er almenn tilhneiging í setningagerðum með nafnháttarsambönd að sleppa fornafni (samþals 9 dæmi með fornafni andspænis 12 án fornafns).

Annað áhugavert atriði er að aldrei er sleppt fornöfnum þar sem ytri setningarliðir skjóta sér inn í forsetningarliðum.

Í (17) lýsir tilhneigingum fyrir hvern setningaflokk þar sem dæmi í upplestri og tali eru reiknuð saman:

(17) *Munur í notkun fornafna hjá hverri tegund setninga*



Spurnarsetningar, forsetningarandlög og innskot eru þá almennt oftast með fornafni. Hjá sagnfyllingarandlögum er hins vegar yfirleitt jöfn dreifing. Setningar sem einkunnir eru hins vegar almennt án fornafns.

Út frá þessum forsendum er búin til tafla sem tekur saman tilhneigingarnar. Í (18) eru merktar þær tilhneigingar sem virðast vera nokkuð afdráttarlausar. Að þessu leyti er sagnfyllingarandlag sú tegund setningarlegs umhverfis sem reynist óljós. Talmál hefur þá sterku tilhneingingu að nota fornafn í langflestum tegundum setninga.

(18)

Setningarlegt umhverfi	Tilhneiging í ritmáli	Tilhneiging í talmáli	Almenn tilhneiging
Spurnarsetning	[±fornafn]	[+fornafn]	[+fornafn]
Sagnfyllingarandlag	[±fornafn]	[±fornafn]	[±fornafn]
Innskot í forsetningarliði	[+fornafn]	[+fornafn]	[+fornafn]
Setning sem einkunn	[−fornafn]	[+fornafn]	[−fornafn]
Forsetningarandlag	[+fornafn]	[+fornafn]	[+fornafn]
Nafnháttarsambönd	[−fornafn]	[+fornafn]	[−fornafn]

3.5. Orðræðuleg einkenni

3.5.1. Lengd í framburði fornafna

Vikið er nú að öðrum einkennum sem geta haft áhrif á val fornafna. Fyrst er talað um lengd framburðar þeirra. Að sögn Eiríks Rögnvaldssonar (1989:49) verða fornöfn í samfelldu tali fyrir brottfalli hljóða:

Mörgum smáorðum, s.s. forsetningum, samtengingum og fornöfnum, er eðlilegt að vera áherslulaus í setningum, og þar með gilda um þau lengdarreglur áherslulausra atkvæða. Þótt orð eins og *til, með, sem, og, það* séu borin fram [thɪ:l], [mɛ:ð], [sɛ:m], [ɔ:ʃ], [θa:ð] ef þau eru lesin ein sér, eru þau nær alltaf áherslulaus í eðlilegu tali og þá borin fram [thɪl], [mɛð], [sɛm], [ɔʃ], [θað]. Áhersluleysið kemur líka fram í því að lokasamhljóðum þeirra er hætt við brottfalli, þannig að framburðurinn verður iðulega [thɪ], [mɛ], [sɛ], [ɔ], [θa].

Út frá þessum forsendum er hugsanlegt að framburður ábendingarfnafna taki yfirleitt ekki langan tíma í samfelldu tali miðað við annars konar fallorð eins og nafnorð eða sagnorð.


Til að mæla lengd fornafna, þegar þau koma fyrir, var notað forritið PRAAT¹¹. Þessi málsgrein er tekin sem dæmi:

- (19) „Og (.) það að við skulum hafa verið að ræða þetta hérna auðvitað (.) hefur kannski ekki beinlínis áhrif á það ↑ að það hefur verið gríðarlegur þrýstingur á þetta ↓ og ég veit að umræða hér í borgarráði“ (HDF 037).

¹¹ Útgáfa 5.3.16.

Forritið greindi hluta af þessari málgrein sem felst í þremur orðum: „áhrif á það“. Tilgangurinn er sá að bera saman nafnorðið og fornafnið og greina lengd hljóða sem borin eru fram:

(20) *Hljóðrofsrit brots „áhrif á það“ í HDF 037 í gegnum forritið PRAAT*



Allar tölur sem skrifaðar eru fyrir ofan hljóðrofsritið (e. *spectrogram*) í (20) eru miðaðar við 0-tíma (þ.e. 688.2 s frá upphafi upptökunnar HDF, 15.01.2015). Forritið sýnir að nafnorðið *áhrif* er borið fram í heild í 451 ms og felst í tveimur atkvæðum. Fornafnið *það* (sem er einkvætt orð) er borið fram í 450 ms. Mismunurinn milli orðanna er einungis 1 ms. Þetta þýðir að atkvæði nafnorðsins tekur skemmri tíma í framburði.

Áherslan fellur á [au] í nafnorðinu og er borin fram í 182 ms. En sérhljóðið [a:] í fornafninu tekur heilar 315 ms. Forsetningin *á* er borin fram í 119 ms sem er miklu styttri tími í samanburði við fornafnið.

Þetta afsannar samt ekki það sem Eiríkur sýnir af því að mörg fornöfn í íslensku verða fyrir brottfalli í samfelldu tali. En þetta gerist þó ekki í nokkrum tilfellum.

Í töflu (21) eru tekin saman öll dæmi sem innihalda fornöfn (48 dæmi, sbr. (15)). Lengd þessara fornafna var mæld með forritinu PRAAT eins og gert var í (19) til þess að athuga hve lengi þessi fornöfn eru borin fram að jafnaði:

(21)

Lengd	Fjöldi
$x < 200$ ms	17
$200 \text{ ms} \leq x < 300$ ms	23
$300 \text{ ms} \leq x < 400$ ms	6
$x > 400$ ms	2

Flest fornöfn eru á milli 200 og 300 ms að lengd. Samt sem áður er einnig tilhneiging til að bera fornafnið fram á styttri tíma ($x < 200$ ms) þó að hún sé sterkust. Hún er samt í samræmi við það sem Eiríkur heldur fram.

En ef öll tilfelli þar sem lengd fer yfir 200 ms væru tekin saman þá væri það 31 tilfelli andspænis 17. Því er hugsanlegt að hlutverk fornafna sé öðruvísi í þessu samhengi þar sem mörg eru borin fram lengur en 200 ms.

3.5.2. Pásur og tónfall

Pásur og breytingar í tónfalli koma oft fyrir í dæmunum. Spurningin er hvort þetta hafi á einhvern hátt áhrif á val fornafna.

Tafla (23) sýnir hve oft **pásur** koma í setningarlegu umhverfi forsetningarliða. Þær hafa verið flokkaðar samkvæmt stöðu þeirra á milli orða. Tákn sem hefur verið notað fyrir pásu í afritun dæma er (.) sem „merkir örstutt og merkjanleg þögn“ (Þórunn Blöndal 2005b:682). Tími pásu er yfirleitt „undir 0.5 sekúndur“ (Þórunn Blöndal 2005a:107).

Pásurnar hafa verið flokkaðar á eftirfarandi hátt (tekið er tillit til þess að engin pásu geti komið fram í dæmum, sbr. (23)):

(22a) P_1 + forsetning + (fornafn) + (innskot) + að/hv-fornafn

(22b) forsetning + (fornafn) + P_2 + að/hv-fornafn

(22c) forsetning + (fornafn) + P_3 + innskot + að/hv-fornafn

(22d) forsetning + (fornafn) + innskot + P_4 + að/hv-fornafn

(22e) forsetning + (fornafn) + (innskot) + að/hv-fornafn + P_5

(23)

Staða pásu	Með fornafn		Án fornafns		Samtals
	<i>Upplestur</i>	<i>Tal</i>	<i>Upplestur</i>	<i>Tal</i>	
P ₀ - Engin pásu	16	12	18	4	50
P ₁	1	2	7	1	11
P ₂	6	1	2	-	9
P ₃	-	1	-	-	1
P ₄	2	-	-	-	2
P ₅	1	5	3	5	14

HDF 069 (sbr. Viðauki) hefur verið reiknað tvisvar sinnum þar sem pásu kemur fyrir bæði á undan forsetningunni og á eftir samtengingunni.

Í töflu (23) er hægt að sjá að málhafar hafa ekki oft pásur í talmáli og í upplestum fréttum (50 dæmi á móti samtals 37) í þessum setningagerðum.

Á hinn bóginn merkir P₁-tilhneiging að nokkrir skynja forsetningarlið eins og hann væri ein heild. Í P₅-flokknum eru setningarnar mjög líklega túlkaðar á annan hátt. Þess konar pásu kemur meðal annars fyrir í öðrum aukasetningum¹². Líklega hafði þetta atriði áhrif á þessar setningagerðir.

Út frá gögnunum er hægt að fullyrða að notkun á pásu er ekki það mikil að hún hafi áhrif á val fornafna.

Tónfall hefur líka verið merkt í dæmunum (sbr. Viðauka). Greint var sérstaklega lækkandi tónfall (↓) og hækkandi tónfall (↑). Í töflu (24) er safnað öllum dæmum eftir stöðu tónfalls (bæði hækkandi og lækkandi):

(24)

Staða tónfalls	Hækkandi	Lækkandi	Samtals
á undan fors.	16	2	18
forsetning	11	2	13
fornafn	17	10	27
innskot	4	-	4
að/hv-fornafn	-	-	0
ekkert tónfall	-----	-----	27

¹² Í upptökunum koma fyrir nokkur dæmi um aukasetningar af ýmsu tagi (tilvísunarsetningar, tilgangsssetningar, o.s.frv.) sem sýna samtengingu *að* á undan pásu (sbr. Viðauka, HDF 006, 011, 016, 029, 034, 036, 045, 047, 068).

Þrjú dæmi voru reiknuð tvisvar¹³ vegna þess að í þeim kemur tvenns konar tónfall fram saman í umhverfinu. Hægt er að sjá í (24) að tónfall er oft á fornafni (samþals 27 dæmi). Þessi tilhneiging jafnast þó út með þeirri tilhneingingu sem aldrei notar tónfall. Önnur tilhneiging setur tónfall á undan forsetningu í staðinn.

Erfitt er að fullyrða hér að tónfall hafi áhrif á val fornafns. Tónfall sýnir þó að fornafn gegnir mikilvægu hlutverki í þessari gerð setninga.

¹³ HDF 016, 061, 062.

4. Í leit að útskýringu

Eftir að hafa greint fyrirbærið frá setningarlegu og orðræðulegu sjónarmiði þarf að útskýra hvernig valið virkar í notkun fornafrna. Upptökurnar sýna mjög skýrt að fornöfn eru oft notuð í talmáli (sbr. (18)). Í ritmáli er títt fyrirbæri að sleppa fornafni samkvæmt tegund setninga. Pásur virðast ekki hafa hér áhrif eins og sjáanlegt var í (23). Hins vegar var sýnt að tónfall kom oft fyrir þegar fornafn var notað í dæmunum.

Hvernig er hægt að túlka öll þessi gögn?

4.1. Sameiginleg einkenni í gerðum setningarlegs umhverfis

Í töflu (18) kom í ljós að fornöfn eru miklu tíðari í talmáli en í ritmáli. Tilhneigingin er nokkuð afdráttarlaus í næstum öllum gerðum setningarlegs umhverfis. Eitt vekur þó athygli: gerð sagnfyllingarandlaga, forsetningarandlaga og fallsetninga sem einkunna er að mörgu leyti sameiginleg þó að tilhneingingar í þessum tegundum setninga séu ekki með sama hætti:

(25a) Sagnfyllingarandlag → **sagnfylling [fors. [(fornafn) [fallsetning]]]**

(25b) Forsetningarandlag → **sagnorð [fors. [(fornafn) [fallsetning]]]**

(25c) Setning sem einkunn → **nafnorð [fors. [(fornafn) [fallsetning]]]**

Það eina sem virðist vera öðruvísi hér er yfirskipandi setningarliður (sagnfylling, sagnorð, eða nafnorð). Af hverju er þá ekki tilhneiging til að nota fornafn í ritmáli sérstaklega þegar um setningu sem einkunn er að ræða? Hjá sagnfyllingarandlögum er ástandið meðal annars ólíkt (sbr. (18)): þar er ýmist [\pm fornafn] í ritmáli og talmáli af því að mismunurinn skiptir ekki máli¹⁴. Almenna tilhneigingin er hins vegar jöfn dreifing. En ef þessi mismunur skipti máli þá væri tilhneigingin nákvæmlega eins og hjá fallsetningum sem einkunnum nema varðandi almenna tilhneingingu.

Eðli sagnorðs er hins vegar ólíkt eðli lýsingarorða og nafnorða. Þessi mismunur kemur hugsanlega í ljós þar sem tafla (18) sýnir að ákveðin tilhneiging til að nota fornafn er bæði í ritmáli og talmáli hjá forsetningarandlögum. M.ö.o. eru lýsingarorð og

¹⁴ Tafla (15) sýnir í rauninni að um aðeins eitt dæmi sem mismun er að ræða (6 andspænis 7 dæmum í upplæsum fréttum, 2 andspænis 1 í tali).

nafnorð að þessu leyti lík í samanburði við sagnorð.

Mismunurinn í upplesnum fréttum er ekki merkjanlegur í spurnarsetningum (4 andspænis 3 dæmum). En ef hann skipti máli þá yrði einkenni væntanlega [+fornafn].

Tafla (18) yrði þá á eftirfarandi hátt út frá þessum forsendum:

(26)

Setningarlegt umhverfi	Tilhneiging í ritmáli	Tilhneiging í talmáli	Almenn tilhneiging
Spurnarsetning	[+fornafn]	[+fornafn]	[+fornafn]
Sagnfyllingarandlag	[-fornafn]	[+fornafn]	[±fornafn]
Innskot í forsetningarliði	[+fornafn]	[+fornafn]	[+fornafn]
Setning sem einkunn	[-fornafn]	[+fornafn]	[-fornafn]
Forsetningarandlag	[+fornafn]	[+fornafn]	[+fornafn]
Nafnháttarsambönd	[-fornafn]	[+fornafn]	[-fornafn]

Með þessari nýju uppsetningu væri tilhneiging til að nota fornöfn mjög sterk í talmáli. En þeim er yfirleitt sleppt í ritmáli í þrenns konar tegundum setninga.

Í þriðja kafla var sagt að ritmál í fjölmiðlum væri frekar formlegt og að RÚV stefndi að því að nota rétt og vandað mál. Miðað við töflu (26) mætti álykta að fornafn þyki ofaukið hjá sagnfyllingarandlögum, setningum sem einkunnum og forsetningarandlögum. Af hverju hafa fjölmiðlar þá tilhneigingu til að sleppa þeim í þessum tegundum setninga? Jafnframt, af hverju er talmálið hins vegar svo ríkt af þeim?

4.2. Sérstakir eiginleikar tegunda með einkenni [-fornafn]

Nafnháttarsambönd sem fylliliðir forsetningarliða hafa sérstakt einkenni í samanburði við fallsetningar eins og sagt var í 3.2. Í þeim eru sagnorð alltaf í nafnhætti. En hvað leiðir þetta af sér? Frumlag þeirra er í móðursetningunni:

(27) „Tuttugu ↑ og níu ára karlmaður ↓ er grunaður **um að** hafa banað eiginkonu sinni á heimili þeirra“ (HDF 019)

Í dæmi (27) er augljóst að frumlag nafnháttarsambandsins er „tuttugu og níu ára

karlmaður“ sem liggur í móðursetningunni. Tengsl á milli móðursetningarinnar og nafnháttarsambandsins eru að þessu leyti sterkari en á milli móðursetningarinnar og fallsetningar. Líklegt er að þetta sé ástæðan fyrir því að fornafn þykir hér frekar ofaukið í ritmáli.

Dæmi (27) sýnir líka sagnfyllingu sem yfirskipandi setningarlið. Töflur (15) og (16) sýndu að 8 dæmi af 13 sem innihéldu sagnfyllingarandlög voru líka með nafnháttarsamband á eftir. Þar af voru 7 án fornafns og aðeins 1 með fornafn í upplesnum fréttum. Út frá þessu er hægt að hugsa að nafnháttarsambönd og sagnfyllingar séu mjög tengd þegar um sagnfyllingarandlög er að ræða. Afleiðingin er sú að fornöfn reynast ofaukin.

Í fallsetningum sem einkunnir er mjög sterk tilhneiging til að nota ekki fornafn í ritmáli samkvæmt gögnum (sbr. (15)). Í þessu tilfelli eru aðeins 7 af 27 dæmum með nafnháttarsamband (sbr. (15) og (16)) svo að tengsl á milli nafnliðar og nafnháttarsambands skipta ekki miklu máli. Hér verður þá erfiðara að finna mögulega útskýringu fyrir einkennið [-fornafn] hjá þessari tegund setninga í ritmáli fjölmiðla. Hægt er þó að túlka fyrirbærið á þann hátt að nafnorð eru að jafnaði líka til í sagnfyllingarhlutverki nákvæmlega eins og lýsingarorð. Þar af leiðandi er hugsanlegt að sagnfyllingarandlög og setningar sem einkunnir virki á sama hátt vegna þess að nafnorð og lýsingarorð hafa þessi sameiginlegu einkenni.

4.3. Talmál: ólík túlkun í setningagerð

Ef vikið er að talmáli þá virðist vera miklu einfaldara að túlka ástandið: allar gerðir setningarlegs umhverfis eru með [+fornafn]. Eitthvað kemur samt í veg fyrir þetta miðað við ritmál. Af hverju nota málhafar fornafn í talmáli þegar notkun þess er ekki viðurkennd í upplesnum fréttum?

Í töflu (23) var sjáanlegt að engar pásur eru að jafnaði í því umhverfi sem var athugað í rannsóknarverkefninu. Samt sem áður voru aðrar tilhneigingar. Sumir málhafar hafa sett pásu á undan forsetningunni (sbr. (22a)), aðrir hafa sett hana á eftir samtengingunni eða spurnarfornafni (sbr. (22e)) og enn aðrir hafa sett pásu rétt á eftir fornafni¹⁵ (sbr. (22c) og (22d)). Áður var sagt að pásu væri ekki aðdragandi í vali

¹⁵ Tafla (23) sýnir 8 dæmi þar sem pásu er rétt á eftir fornafni óháð því hvernig setningin heldur áfram: 6 í

fornafna en hún getur hins vegar verið einkenni sem hjálpar til við að skilja betur fyrirbærið.

Tónfall skerst oft í leikinn með því að vera sett á fornafn eins og sýnt var í (24). Hér er dæmi:

(28) „Í fyrsta lagi (.) að (.) það var þá ekki sérstaklega lýðræðislegt ↑ að (.) þegar á holmenni komi ↑ að þá er löggjafarvald eða útdeila í fjarmönnum ↑ (.) misjafnlegt í því ↑ hvort um er ræða markaðtekjur eða skatttekjur“ (HDF 029)

Hækkandi tónn er settur í (28) líka í bakstöðu annarra aukasetninga (sjá tónfall á orðin *lýðræðislegt*, *komi*). Þar hefur tónninn einhvern veginn sömu einkenni tónfalls á fornafninu. Hugsanlegt er þá að fornafnið loki móðursetningunni. En þetta er í ósamræmi við það sem sagt var í 2. kafla. Fallsetning, fornafn og forsetning tilheyra einni einingu (þ.e. forsetningarliði) svo ekki er hugsanlegt að forsetning og fornafn tilheyri móðursetningunni og að fallsetning (eða nafnháttarsamband) sé önnur setning sem kemur á eftir.

Samt sem áður sýnir tafla (24) margt athyglisvert. Ef gert er ráð fyrir að skipulag setninga sé skynjað öðruvísi þá ætti að reikna saman þær tilhneigingar sem hafa a.m.k. tónfallið rétt á undan *að* eða spurnarfornafni fyrst þau innleiða fallsetningu eða nafnháttarsamband. Þá væru þrír flokkar sameinaðir, þ.e. tónfall á fornafni, tónfall á innskoti og tónfall á forsetningum þegar fornafnið er ekki notað¹⁶. Samtals væru dæmin 41 sem er mun fleiri en þau 27 þar sem ekkert tónfall kemur fyrir.

Hér væri hægt að hugsa að um **ólíka túlkun** setningagerðar sé að ræða. Mjög líklega skynja margir setningar á öðruvísi hátt en setningafræðin sýnir svo að þær eru túlkaðar á annan hátt. Á meðan mynduð er setning er fornafnið notað að þörfum til að klára móðursetninguna svo að önnur setning geti hafist. Til að draga þetta saman er sýndar eftirfarandi dæmigerðar setningagerðir:

P₂-upplestri, 1 í P₂-tali, 1 í P₃-tali.

¹⁶ Samtals 10 dæmi innihalda ekki fornafn: HDF 007, 014, 020, 031, 032, 035, 050, 058, 062, 065. Hin 3 dæmin eru ekki reiknuð í þessu tilfalli af því að fornöfn liggja á milli forsetninga og samtenginga/spurnarfornafna. Sbr. töflu (24).

(29a) [Móðursetning [X-setningarliður [fornafn [fallsetning/nafnháttarsamband]]]]

(29b) [Móðursetning [X-setningarliður [fornafn]] [fallsetning/nafnháttarsamband]]

(29a) sýnir hvernig setningafræðin túlkar þessar gerðir. (29b) sýnir í staðinn hvernig margir málhafar sem töluðu í útsendingunum hafa líklega túlkað setningarnar miðað við notkun fornafna, lengd þeirra, pásur og tónfall.

Að þessu leyti virka fornöfn eins og **setningarlegar fyllingar** eða e.t.v. **sætamerki**. Þau virka þó ekki eins og hikorð af því að fornöfn eru háð einhverjum forsetningarliðum. Þau eru ekki laus orð eins og *hérna, svona, bara*.

Tilgangur setningarlegra fyllinga væri þá að klára bil sem á sér stað í forsetningarliðum í talmáli. Fallsetning sem fylliliður er þyngri en fornafn og tíma þarf til að mynda hana. Fornafnið getur þar af leiðandi hjálpað að klára fyrst og fremst forsetningarliðinn í talmáli svo að mælandinn geti einbeitt sér að myndun fallsetningarinnar eða nafnháttarsambandsins.

4.4. Ósamræmi í ritmáli: tegundir setninga með [+fornafn]

Í síðasta lagi er nauðsynlegt að útskýra af hverju fornafnið er viðurkennt í ritmáli í nokkrum gerðum setningarlegs umhverfis.

Spurnarsetningar eru sérstök tegund enda er spurnarfornafn í stað samtengingar *að*. Mjög líklega hefur þetta orsakað ósamræmi í því kerfi sem lýst er í (29b). Forsetningar taka eðlilega „með sér nafnliði (þ.e. fornöfn, nafnorð eða nafnorð með fylgiorðum (ákvæðisorðum)) sem nokkurs konar andlög og stýra falli þeirra“ (Höskuldur Þráinsson 2009:26). Meðal fornafna sem Höskuldur á við geta þó ekki verið spurnarfornöfn, t.d.:

(30a) Hann var ekki viss um [hvenær hjólinu hefði verið stolið].

(30b) *Hann var ekki viss um [hvenær].

(30c) Hann var ekki viss um [það].

Hvenær hefur samtengingarhlutverk í (30a) og (30b) þó að það sé eðlilega spurnarfornafn. Út frá því getur það ekki verið einn setningarliður í (30b) svo að

setningin reynist málfræðilega röng. Fornafnið *það* í (30c) er hins vegar viðeigandi í setningunni. Hugsanlegt er þá að skynjað sé ósamræmi á milli forsetningar og spurnarfornafns þegar ábendingarfornafn vantar. Að þessu leyti er fornafn notað sem setningarleg fylling í ritmáli þó að hér sé um ólíkt hlutverk hennar að ræða: fyllingin væri notuð hér til að vega upp á móti ósamræmi á milli forsetningar og spurnarfornafns.

Innskot í forsetningarliðum trufla líka setningarnar þegar þau skerast í leikinn. Í rauninni búa þau til einhvers konar bil á milli fyrri og síðari hluta forsetningarliðar eins og sagt var í 2.2. Mælandinn þarf þá að fylla forsetningarlið sem liggur á undan innskoti svo að móðursetning klárast og hann geti haldið áfram með eftirfarandi fallsetningu.

Forsetningarandlög eru miklu óljósari frá þessu sjónarhorni af því að ekkert truflar setningarlega umhverfið. Óljóst er hér hvort talmálið og skynjun málhafa á setningagerð hafi smám saman haft áhrif líka hjá forsetningarandlögum í ritmáli.

5. Niðurstöður

Valfrelsi í notkun fornafna var þá ekki alveg valfrelsi. Notkun þeirra ræðst af áhrifum ýmissa þátta sem valda tilkomu fornafns sem fyllilið forsetningarliðarins ásamt fallsetningunni eða nafnháttarsambandi.

Fornafnið hegðar sér þá sem setningarleg fylling sem hjálpar málhafanum að klára fyllilið sem liggur í móðursetningu áður en byrjað er að flytja fallsetninguna sem á eftir kemur. Þessi lýsing stangast á við setningafræðilega túlkun eins og áður var sagt.

Tillit þarf að taka til þess að ekki allir málhafar vita hvernig yfirleitt á að flokka og greina setningarnar. Á hinn bóginn tala Íslendingar íslensku á ómeðvitaðan hátt sem móðurmál sitt. Þar af leiðandi getur gerst að setningar og málsgreinar séu túlkaðar á öðruvísi hátt en setningarleg greining gerir ráð fyrir á meðan þeir tala.

Ritmál hefur hins vegar ekki ennþá algjörlega orðið undir þessum áhrifum, umfram allt varðandi þær tegundir setninga þar sem sagnfyllingar eru yfirskipandi og nafnháttarsambönd fylgja. Hins vegar hefur fornafnið komið fram í öðrum tegundum setningarlegs umhverfis.

Þessi notkun gæti verið nú á dögum ennþá í þróun. Hún gæti síðar stefnt að því að nota tíðara þessi fornöfn (jafnvel í þeim tegundum þar sem einkenni var [–fornafn]) eða jafnvel að nota þau minna. Íslenska er lifandi tungumál og væntanlega geta slík fyrirbæri sífellt breyst í tímans rás.

Heimildaskrá

- Ari Páll Kristinsson. (1998). *Handbók um málfar í talmiðlum*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Boersma, P. og Weenink, D. (2014). *Praat: doing phonetics by computer*. Tölvuforrit. Útgáfa 5.3.16, hlaðið niður 31. mars 2014 frá <http://www.praat.org/>.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (1989). *Íslensk hljóðfræði*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Höskuldur Þráinsson. (2005). *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga, III. bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- . (2006). *Handbók um málfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- . (2009). *Íslensk setningafræði*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kress, B. (1982). *Isländische Grammatik*. Leipzig: Verlag Enzyklopädie Leipzig.
- RÚV. (2010). *Málstefna RÚV*. Skoðað þann 10. febrúar 2015 á slóð <http://ruv.is/node/366997>.
- . (2014a). „*Heima að horfa á þetta í túbusjónvarpi?*“. Skoðað þann 20. febrúar 2015 á <http://ruv.is/frett/heima-ad-horfa-a-thetta-i-tubusjonvarpi>.
- . (2014b). *Páfi vinsæll í Bandaríkjunum*. Skoðað þann 20. febrúar 2015 á <http://ruv.is/frett/pafi-vinsaell-i-bandarikjunum>.
- . (2014c). *Ástríðuglaepur eða ótti við blökkumenn?*. Skoðað þann 20. febrúar 2015 á <http://ruv.is/frett/astriduglaepur-eda-otti-vid-blokkumenn>.
- Þórunn Blöndal. (2005a). Lífandi mál. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- . (2005b). Orðræðugreining og setningafræði. Höskuldur Þráinsson (ritstj.): *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga, III. bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið. Bls. 677-695.

Viðauki

Hér kemur uppskrift af öllum dæmum sem hafa verið tekin upp í útsendingunum. Styttningar og tákni eru útskýrð hér fyrir neðan:

L = upplestur

T = tal

(.) = stutt páska (< 0,5 sek)

(..) = lengri páska en (.) (> 0,5 sek)

LF = lengd í framburði fornafnsins (þegar það er notað)

ORÐ ↑ = hækkandi tónn á orðinu

ORÐ ↓ = lækkandi tónn á orðinu

HLÆR = mælandinn hlær

HIKAR = mælandinn hikar (með því að segja t.d. „ehm“)

1) Hádegisfréttir, 09.01.2015

N.	L/T	Tími	Afritun	LF (ms)
001	L	[0:18.90 - 0:27.65]	Framkvæmd ferðaþjónstu fatlaðra er í lamasessi ↑ (.) og hafa forráðamenn Strætó fengið tveggja vikna frest ↑ (.) til að skila áætlun ↑ (.) um hvernig ráðin verði bóta á því	-
002	L	[1:10.58 - 1:15.18]	Kínversk stjórnvöld (.) eru gagnrýnd ↑ fyrir að beita slíkum stofnunum í eigin þágu	-
003	L	[3:20.34 - 3:30.36]	Fram kemur á vef breska ríkisútvarpsins ↑ að lögreglumenn ↑ (.) vinni hörðum höndum að því að koma íbúum smábæjarins í öruggt skjól (.) þeim hefur verið skipað að halda sig innandyra	141
004	L	[3:30.37 - 3:38.60]	Skólum hefur verið lokað og þá hafi verið fluttar fréttir af því ↑ (.) að flugvélar hafi hætt við landingu á de Gaulle-flugvellið ↑ (.) sem er þarna nærri	275
005	T	[3:39.13 - 3:46.96]	Gunnar Hrafn Björnsson (.) nú hefur lögreglan (.) sagt (.) frá því í gær ↑ að morðið á lögreglukonunni ↑ (.) í gær eða fyrradag ↑ tengist þessum hryðjuverkum ekki	220
006	T	[4:12.08 -	Já það var frægt fyrir tíu árum þegar að (.) Jótlandspósturinn	355

		4:21.74]	birti Múhameðsteikningarnar svokölluðu sem að leiddu til þess að (.) þeir hafa setið undir stanslausum hótunum (.) herskárna íslamista ↑	
007	L	[5:19.83 – 5:31.10]	Hann kvaðst einnig ætla að óska eftir því í næstu viku að Evrópuþingið hraðaði vinnu við lagasetningu um eftirlitskerfi ↑ (.) sem auki möguleika yfirvalda á ↑ að fylgjast með ferðum hættulegs fólks	192
008	L	[5:57.32 - 6:04.14]	Það hefur virkað illa ↑ eða ekki ↑ (.) og leitt til þess að margt fólk og jafnvel börn ↑ (.) eru sótt of seint ↑ (.) eða alls ekki	200
009	L	[6:29.94 - 6:39.27]	Elín segir að velferðarráð hafi á fundi sínum í gær ↑ (.) beðið forsvarsmenn Strætó um tímasetta áætlun ↑ (.) um hvenær megi eiga von ↑ á því að þjónustan verði komin í lag	211
010	L	[6:43.77 - 6:48.80]	Og hún telur fullt ↑ tilefni til þess ↑ að láta fara fram óháða úttekt ↓ á vinnubrögðum Strætó	308
011	T	[6:52.64 - 7:03.18]	Ég útiloka ↑ ekki neitt skýrt ↓ ég tala kannski ekki tímabært (á-) á þessu stigi en ef að (.) ef að (.) HIKAR (.) HIKAR svör (.) dragast núna um það ↑ hvernig (.) málum verður háttáð	240
012	T	[7:25.90 – 7:32.50]	Það er (.) langur tími ↑ við höfum beðið um að (.) að það sé alveg loka(.)fresturinn á ↑ því að fá þessi svör	150
013	T	[7:44.91 – 7:52.60]	Ég (.) get ekki gert annað á þessu stigi en að biðjast (.) afsökunar á því ↓ að (.) þetta hafi valdið ↑ notendum þjónustunnar þessum óþægindum	192
014	L	[8:15.77 – 8:36.01]	Hanna Birna vildi ekki afhenda fréttastofunni bréfið og Umboðsmaður (.) segist munu birta það ↑ (.) þegar hann skilar áliti sínu ↑ (.) sem hann gerir ráð fyrir að verði fljótlega ↓ (.) Hanna Birna tikynnti jafnframt í gær ↑ að hún hygðist ekki taka sæti sitt á Alþingi (.) fyrir en eftir nokkra ↑ vikur ↓ (.) þannig að allt útlit er fyrir ↑ (.) að þegar niðurstaða Umboðsmanns verður kynnt ↑ (.) verði Hanna Birna ekki á þingi.	-
015	L	[8:44.71 - 8:56.46]	Samkvæmt heimildum fréttastofu ↑ setti lögmaður Gísla Freys ↑ (.) sig í samband við lögmann fólksins ↑ eftir að Gísli var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi í nóvember ↑ (.) fyrir að leka trúnaðargögnum úr innanríkisráðuneytinu	-
016	T	[9:37.84 -	Ég er (.) mjög ánægður með það ↓ að það skuli vera komin	201,

		9:56.45]	niðurstaða ↑ (.) í læknadeiluna ↑ (.) þetta var orðið mjög alvarlegt ↑ (.) og ef að það (.) þurfti (.) læknaverkfall til þess ↑ að (.) stjórnvöld áttuðu sig á því ↑ og ég held að raunar margir hafa áttað sig á því ↑ (.) fyrir löngu ↑ að það þarf sérstakt átæk í uppbyggingu (.) heilbrigðiskerfisins ↑ (.) það er þá bara mjög gott að það sé niðurstaðan.	260
017	L	[10:34.76 - 10:40.48]	Og þá sé ánægjulegt ↑ að ríkisstjórnin sé í fyrsta sinn afdráttarlaus í því ↑ að nýr spítali skuli byggður	222
018	L	[11:43.53 - 11:58.04]	Vísindamenn í Oxford greindu frá því fyrir í vikunni ↑ (.) að sjötíu og tveir heilbrigðir sjálfboðaliðar ↑ (.) hefðu fengið sendan skammt af bóluefni ↑ (.) sem vísindamenn lyfjafyrirtækisins Johnson (.) Pharmaceutical Companies hefði (.) útbúið	110
019	L	[12:08.52 - 12:13.07]	Tuttugu ↑ og níu ára karlmaður ↓ er grunaður um að hafa banað eiginkonu sinni á heimili þeirra	-
020	L	[14:41.55 - 14:51.63]	Flugritin hefur að geyma upplýsingar um flugið ↑ og hljóðupptöku ↑ (.) úr flugstjórnarklefanum ↑ (.) og eru vonir bundnar við ↑ að hann geti varpað ljósi á það ↑ (.) hvers vegna vélin hrapaði ↓	214
021	L	[15:40.40 - 15:50.65]	Hundrað slíkra stofnana sem kínversk stjórnvöld hafa komið á fót ↑ við háskóla víða um heim ↑ (.) hafa sætt harðri gagnrýni ↑ (.) fyrir að vera áróðurstæki kínverska kommunistaflokksins ↓	-
022	T	[21:48.88 - 21:53.94]	Við spurðum ↑ einmitt landsliðsmanninn Róbert Gunnarsson út í það ↓ hvort þetta væri gott eða slæmt	174
023	T	[21:54.11 - 22:00.61]	Það er náttúrulega bara (.) að hafa allir svo sem skilning fyrir ↑ þessu núna út (.) úr því hvernig þetta (.) er búið að raðast upp ↑	128
024	L	[23:05.02 - 23:12.98]	Nokkrir (.) stuðningsmenn Knicks voru með bréfpoka yfir höfðinu til merkis um hversu þeir (.) skammast ↓ sín mikið (.) fyrir (.) árangur liðsins	-

2) Hádegisfréttir, 15.01.2015

N.	Teg.	Tími	Afritun	LF (ms)
025	L	[0:52.10 – 0:56.08]	Greint verður frá því í dag ↑ (.) hverjir verða tilnefndir til Óskarsverðlauna	230
026	L	[3:51.15 – 4:01.99]	Og meira að þessu máli því Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður fjárlaganefndar Alþingis ↑ segir nauðsynlegt ↑ (.) að draga úr því ↓ að (.) stofnanir eins og Fæðingarorlofssjóður ↑ (.) búi við markaða tekjustofna ↓	287
027	L	[4:04.90 – 4:12.06]	Hann tekur þá undir það ↓ að fæðingarorlofssjóður ↑ (.) þjóni ekki lengur tilgangi sínum ↑ að jafna aðstoð kynjanna á vinnumarkaði	234
028	T	[4:27.88 – 4:31.56]	Og það þýðir að við höfum ekki efni á í (.) á því ↓ að endurreisa kerfið.	195
029	T	[5:20.62 – 5:32.78]	Í fyrsta lagi (.) að (.) það var þá ekki sérstaklega lýðræðislegt ↑ að (.) þegar á holmenni komi ↑ að þá er löggjafarvald eða útdeila í fjarmönnum ↑ (.) misjafnlegt í því ↑ hvort um er ræða markaðstekjur eða skatttekjur	189
030	L	[5:32.65 – 5:36.62]	Guðlaugur hefur sett fram tillögur um að dregið verði úr mörkuðum tekjustofnum ↑	-
031	L	[6:42.11 – 6:53.44]	Gengi frankans ↑ var fest fyrir þremur árum ↑ (.) til að reyna að koma í veg fyrir ↑ að efnahagserfiðleikar í ýmsum Evrópuríkjum ↑ (.) yrðu til þess að gengi frankans ↑ (.) hækkaði meira ↑ en stjórnvöld í Sviss töldu æskilegt	245
032	L	[7:35.27 – 7:44.57]	Fréttir eru um ↑ (.) að allt að tvö þúsund íbúar hafi verið myrtir ↑ (.) en stjórnvöld í Nígeríu fullyrða ↑ (.) að einungis eitt hundrað og fimmtíu hafi verið drepnir ↓	-
033	L	[8:30.03 - 8:41.34]	Þingkosningar eru í Nígeríu í næsta mánuði ↑ (.) öryggisástandið í landinu (.) fer stöðugt versnandi ↑ (.) og líkur aukast á því ↑ (.) að aflýsa þurfi þingkosningunum ↓	341
034	T	[10:18.62 - 10:27.80]	Eru (ein-) voru einhverjar ákvarðanir teknar um það hvernig er hægt að (.) bara (.) ráða bóta á þessum bráðavanda áður en þetta kemst nú allt í (.) sæmilegt horf ↑ þarna	210
035	T	[10:27.81 - 10:37.76]	Við fengum reyndar ágætar skýringar frá fulltrúa Strætó af því ↓ hvað væri verið að gera og takast á við þetta ↑ (.) við bókum hins vegar fulltrúar Sjálfstæðisflokksins um ↓ að þetta væri	128

			óásættanleg ↑ staða	
036	T	[10:43.01 - 10:49.00]	Og þá er þetta ekki Strætó ↑ um að kenna ↓ heldur bara (.) þeim sem að (.) stóðu í því að undirbúa þetta ↑	135
037	T	[11:23.03 - 11:33.13]	Og (.) það að við skulum hafa verið að ræða þetta hérna auðvitað (.) hefur kannski ekki beinlínis áhrif á það ↑ að það hefur verið gríðarlegur þrýstingur á þetta ↓ og ég veit að umræða hér í borgarráði	450
038	L	[12:10.45 - 12:16.49]	Stefnt er að því að yfirferðinni ljúki í ↑ febrúar ↓ (.) og verða niðurstöðurnar ↑ (.) sendar Landsneti og Vegagerðinni	221
039	L	[12:34.31 - 12:43.33]	Helmingur umsóknanna ↑ (.) barst fyrir 25. ágúst ↑ (.) en frá þeim tíma ↑ (.) hefur verið stefnt að því ↓ að málmeðferð ↑ taki ekki lengri tíma en níutíu daga ↓	153
040	L	[13:01.78 - 13:06.05]	Stefnt er að því ↑ að þeir ljúki úrvinnslumálanna ↑ (.) á um fimm mánuðum ↓	269
041	L	[13:18.92 - 13:27.24]	Hann segist þekkja til fimm mála (.) sem eru fyrir dómi ↑ (.) sem aðeins snúast um kröfu hælisleitenda ↑ (.) um að mál þeirra verði tekið efnislega fyrir	-
042	L	[17:25.70 - 17:32.53]	Það er vegna kenninga um að hægt sé að tengja bólusetningar ↑ (.) við það að börn greinist með einhverfa	220

3) Hádegisfréttir, 01.02.2015

N.	Teg.	Tími	Afritun	LF (ms)
043	L	[1:12.56 - 1:15.73]	Það fer eftir því ↑ hvaða dagleiðréttingin var samþykkt	310
044	L	[3:33.64 - 3:51.30]	Sajida Al-Rishawi var dæmd til dauða fyrir að taka þátt í sprengjuárás (.) á þrjú hótél í Amman höfuðborð Jordaníu árið tvö þúsund og fimm (.) stjórnvöld í Jórdaníu segjast reiðubúin að verða við þessari kröfu (.) fá þau óyggjandi sönnun á því ↑ að al-Kassabeh sé enn á lífi ↓	249
045	T	[5:10.67 - 5:18.35]	Ég er svona að líta á það sem okkar verkefni að reyna að (.) leiða að máli (.) til lykta í einhverju víðtækari sátt heldur en augljóslega er um það í dag	194
046	T	[5:18.35 - 5:23.04]	Þannig að þú efast um að (.) þetta sé rétta leiðin eins og hún er sett fram í (.) frumvarpinu	-
047	T	[5:23.26 -	Ég (e-) það hefur komið fram áður ↑ að ég hef ákveðnar	260

		5:37.73]	efasemdir um að (.) flækjustigið í þessari leið sé fullmikið ↑ og það sé ákveðin hættu á að þetta sé of kostnaðarsöm leið ↑ (.) við verðum að leita leiða sem að (.) verða til þess að fjármagnið nýtist sem best í þau verkefni sem það er hugsað í ↑	
048	T	[5:37.73 - 5:41.35]	Hefurðu mótað ↑ skoðun á hvaða (.) leiðir (.) væri best að fara ↓	-
049	L	[6:50.65 - 7:00.18]	Þeim gefst þá kostur ↑ á nokkurra vikna hvíldarinnlögnum ↑ (.) þar sem unnið er að því ↑ að efla sál og líkama og viðhalda færni fólks ↑ til að búa áfram í eigin húsnæði ↓	235
050	L	[7:47.57 - 7:55.23]	Íbúar eru farnir að leggja (.) á flóttu ↑ (.) af ótta við ↑ að vígamönnum Boko Haram ↑ takist að ná (.) Maiduguri á sitt vald ↓	-
051	L	[8:13.93 - 8:26.95]	Jófríður Hanna Sigfúsdóttir ↑ launa- og rekstrarfulltrúi hjá Kópavogsbæ ↑ (.) og formaður starfsmannafélags Kópavogs ↑ (.) kærði bæinn til kærunefndar jafnréttismála í fyrri ↓ fyrir að (.) greiða karlmanni í sambærilegu starfi hærri laun	-
052	L	[10:02.11 - 10:11.24]	Samkeppniseftirlitið ↑ fór nokkrum dögum síðar ↑ (.) fram á opinbera rannsókn á því ↑ (.) hvernig trúnaðarupplýsingar hefðu borist til óviðkomandi ↓	300
053	L	[10:33.55 - 10:44.01]	Á vef (.) Íbúðalánasjóðs sér vakin athygli á því ↑ (.) að fyrsti gjalddagi eftir samþykkt leiðréttingar ↑ (.) sé ekki dæmigerður ↑ (.) vegna greiddra vaxta og verðbóta á útreknum gjaldara ↓	325
054	T	[11:03.39 - 11:14.50]	Þannig að næsti gjalddagi er (.) lægri (..) sem því nemur ↑ (.) eftir hvað (mar-) hvað eru margir dagar liðnir frá því að (.) gjalddagi hafi myndast ↑ (.) en gjalddaginn þar á eftir verður réttur ↓	124
055	L	[12:50.41 - 12:52.84]	Það er þá langt í land ↑ með að ná Skaftáreldum ↑	-
056	L	[13:25.85 - 13:31.95]	Forseti sambandsins ↑ segir ↑ að á afmælisárinu sé stefnt að því ↑ (.) að koma sambandinu inn á fjárlög ↓	255
057	L	[16:07.49 - 16:16.76]	Hjónin og umsjónarmaðurinn velja vöngum yfir efniviði og persónum leikritsins ↑ en þeir sem hlusta ↑ gætu haldið ↑ að þremmingarnir ↑ eigi erfitt með að greina á milli raunveruleika og blekkingar ↓	-

4) Hádegisfréttir, 21.02.2015

N.	Teg.	Tími	Afritun	LF (ms)
058	L	[0:42.08 - 0:47.77]	Hann efast um ↑ að (.) borgin geti rekið þá að ná (ha-) á hagkvæmari hátt en Samhjálp hafði gert	-
059	L	[2:22.33 - 2:29.34]	Bankastjórar Seðlabanka Íslands vildu ekki taka lokaákvörðun ↑ um að veita Kaupþingi neyðarlán í bankahruninu	-
060	L	[3:02.35 - 3:10.53]	Saksóknarinn í Al Thani-málinu ↑ hefur sagst telja að fölsk hughrif ↓ sem sýndarviðskiptin hafi valdið ↑ (.) hafi átt þátt ↑ í að Kaupþing fékk lánið ↓	-
061	L	[3:33.30 - 3:37.23]	Og allt bendir til ↓ þess ↑ að bréfitari sé Davíð Oddsson ritstjóri ↓	259
062	L	[3:37.24 - 3:50.02]	Þar segir að Seðlabankinn hafi (.) daginn sem lánið var veitt ↑ fengið upplýsingar frá seðlabanka og fjármálaeftirliti Danmerkur ↓ (.) um ↑ að ekki þyrfti að efast ↓ um að eff i há bankinn ↑ (.) sem Kaupþing setti að veði fyrir neyðarláninu ↑ (.) væri traust veð ↓	-
063	L	[4:08.98 - 4:19.17]	Þar sem forðinn hafi verið þannig til kominn ↑ (.) hafi bankastjórar Seðlabankans ↑ (.) sem þá voru þrír ↑ (.) litið svo á að vilji ríkisstjórnarinnar (.) en ekki bankans ↓ (.) yrði (.) að ráða niðurstöðunni	-
064	T	[6:06.36 - 6:17.43]	En ég er ekki alveg viss ↑ um að þetta sé búið að ná hámarki ↓ það er ekki allavegana það virðist alla vegana ekki að vera neitt sem að bendir til ↑ þess að þetta sé í rénun ↓ (.) þannig að hérna við þurfum aðeins að sjá hvernig næstu (.) dagar verða	191
065	L	[6:46.15 - 6:53.74]	Gríska stjórnin ↑ hafði farið fram á ↑ að fá sex mánaða framlengingu lánasamninga sinna ↑ (.) en lendingin varð framlenging til fjögurra mánaða ↓	-
066	L	[7:09.69 - 7:17.92]	Hann sagði ↑ að niðurstaðan væri mjög jákvæð ↑ og þetta væri fyrsta skrefið ↑ í átt að því ↑ að endurbyggja traustið ↑ milli Grikklands og hinna Evruríkjanna ↓	242
067	L	[8:21.09 - 8:27.89]	Hjálmar Sveinsson ↑ formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar segir ↑ að nú sé unnið að því ↑ að gera við holur ↓	197
068	T	[9:54.77 -	Þannig að þið (.) teljið ekki að (.) að (.) þið sem hafið stjórnað	123

		10:02.27]	borginni undanfarin ár berið (.) berið einhverja ábyrgð (á-) á ↑ því ↓ að staðan sé ↑ svona ↓	
069	L	[10:06.45 - 10:13.82]	Hjálmar ↑ segir umferðarverkfræðinga borgarinnar heldur ekki sammála varaformanni eff í bé ↑ (.) um að (.) slitlagið ↓ sé ekki nógu þykkt	-
070	T	[11:20.51 - 11:27.86]	Já hérna við Suðurströndina má reikna með að meðalvindur geti farið (.) jafnvel yfir tuttugu og átta metra á sekúndu og (.) og hviðurnar eitthvað dálítið sé upp fyrir ↑ það ↓	-
071	T	[11:31.62 - 11:38.51]	Eins er gert ráð fyrir að (.) um tíma á morgun nái þessi úrkoma hérna inn á Faxaflóa en að einhverju leyti en vindur verður nú heldur hægari hérna	-
072	T	[18:00.35 - 18:13.89]	Ég efast ekkert um það ↓ (.) að silfurskeiðin og svo silfursleifin ↑ sem að er hérna (.) sér grúppa HLÆR hérna hérna í körfubolta(.)hreyfingarnar í Garðabæ ↑ sem hafa verið mjög (óskiljanlegt) ↑ ef að það er svona	475